



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Waldorfleikskólinn Sólstafir

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Steiner sagði m.a. að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir og því ætti ekki að hefja formlega kennslu heldur efla börnin í leik og að kenna þeim í gegnum hann. Steiner lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur. Á þessum áherslum byggjum við m.a. starfið hjá okkur.

Tilgangi og markmiði Waldorf leikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Að veita nemendum góða alhliða menntun.
2. Að hlúa að heilbrigðum þroska nemenda.
3. Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.
4. Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
5. Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við lífssýn þeirra.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	5
4 Innra mat xxx deildar/deilda (hér gætu eldri og yngri deildir gert sameiginlega umbótaáætlun, það stuðlar að ígrundun og samræmingu).....	6
5 Innra mat sérkennslu.....	7
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	8
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	8
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	8
8 Foreldrasamvinna.....	8
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	8
10 Fylgiskjöl.....	8



1 Greinargerð leikskólastjóra

Fimm deildir eru í leikskólanum með 80 börnum. Á þremur deildum eru sextán börn, á einni deild eru sautján börn og á einni deild eru fimmtán börn. Á yngstu þremur deildunum eru fjórir starfsmenn auk starfsmannas sem eru í stuðningi en á tveimur elstu deildunum eru þrír starfsmenn auk starfsmanns í stuðningi. Starfsmaður sem kominn er á eftirlaun kemur daglega og leysir af í mat.

Barnahópurinn samanstendur af 41 strák og 39 stelpum.

Tólf börn eru tvítyngd.

Starfsmannahópurinn samanstendur af:

- Fimm starfsmenn eru leik- eða grunnskólakennarar.
- Fimm starfsmenn eru með aðra háskólamenntun.
- Tólf starfsmenn eru með stúdentspróf eða aðra menntun.
- Þrír starfsmenn starfa í eldhúsi fyrir leik- og grunnskólann.
- Þrír sumarstarfsmenn.

Stjórnun

Við Waldorfskólann/leikskólann Sólstafa starfar fulltrúaráð beggja skólastiga. Þar sitja að jafnaði sex fulltrúar kennara sem eru með mesta starfsreynslu. Þeir taka að sér að vera í ábyrgð fyrir stofnunina gagnvart starfinu í heild og menntayfirvöldum.

Stjórarfundir eru einu sinni í viku. Þar hittast stjórnendur leik- og grunnskólans. Fundirnir eru upplýsinga og samráðsfundir. Farið er yfir rekstur og faglegt starf skólanna.

Í stjórnendateymi leikskólans eru þrír starfsmenn hans. Ein starfar eingöngu á skrifstofunni en tveir eru jafnframt deildarstjórar. Stjórnendateymið tekur allar ákvarðanir sameiginlega.



Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku . Þar hittast stjórnendur og deildarstjórar. Fundirnir eru upplýsingafundir um rekstur, faglegt-og daglegt leikskólastarf.

Árið 2022 – 2023 var talsvert mikið um fjarvistir í starfsmannahópnum sem hafði mikil áhrif á starfið hjá okkur og þurftum við of oft að beyja faliðun. En henni beytum við aðeins þegar vantar sex starfsmenn eða fleiri. Við erum mjög meðvituð um að lokarnir koma sér illa fyrir foreldra og gerðum allt sem í okkar valdi stóð að hafa opið. Í fyrrasumar fóru stjórnendur ásamt mannauðsráðgjafa og Vinnuvernd í töluverða vinnu vegna fjarvista í leikskólanum. Í kjölfarið var útbúin stefna og vinnureglur varðandi fjarvistir sem kynnt var á starfsmannafundi í haust. Á þeim fundi voru einnig fulltrúar frá Vinnuvernd sem kynntu þá þjónustu sem er í boði fyrir starfsmenn.

Minna var um lokanir þetta skólaár en árin á undan og teljum við m.a. að þessi vinna hafi skilað sér á jákvæðan hátt inn í starfið.

Þetta skólaár þurfum við að loka allan daginn þremur deildum samtals þrisvar sinnum, sex sinnum lokuðum við í hádeginu og fjórum sinnum báðum við foreldra að sækja barnið/börnin sín fyrr.

Síðan leikskólarnir á Marargötu og Grundarstíg sameinuðust árið 2021 höfum við verið með fimm deildir, fjórar í nýlegri byggingu og eina í lausri skólastofu. Nokkrir foreldrar hafa komið að máli við okkur og haft áhyggjur af þeirri stofu. Snemma í vor fórum við að endurskipuleggja deildirnar hjá okkur upp á nýtt. Ákveðið var að loka deildinni í lausu skólastofunni og þetta starfið inni í nýju byggingunni.

Næsta skólaár verða fjórar deildir, ein yngsta og næst yngsta deild með sextán börnum hvor og tvær með elstu og næst elstu börnunum með samtals átján börnum hvor. Fjórir starfsmenn verða á öllum deildum. Ávinningurinn af þessum breytingum teljum við vera margþætta s.s. elstu og næst elstu börnin verða meira ein heild og góð Waldorf þekking verður í hverju rými.

Plássleysi hefur háð okkur aðeins varðandi sérkennslu. Í vetur hafa Málörvunarstundir og sérkennsla farið fram inni á deildum. Við fundum fyrir því að það vantaði meira pláss fyrir hana. Með þéttingunni sjáum við nú tækifæri til



að vera með sér stofu fyrir sérkennsluna í lausu skólastofunni. Kennari sem sinnt hefur málörvun lætur af störfum í vor. Við höfum ráðið reynslumikinn Waldorf kennara sem deildarstjóra sérkennslu. Þetta er nýtt starf hjá okkur og hefur verið ráðinn waldorf menntaður sérkennari tímabundið sem mun verða okkur til leiðsagnar um uppbyggingu sérkennslunnar.

Eftir áramótin fór lausnarteymið af stað. Í lausnarteyminu eru allir deildarstjórar, stjórnandi og þrír starfsmenn frá Þjónustumiðstöð. Hefur þetta fært okkur nær stoðþjónustunni og haft jákvæð áhrif á starfið hjá okkur.



Tvisvar á hverju skólaári eru vinnudagar í leikskólanum. Foreldrar, börn og starfsfólk koma saman og taka þátt í að fegra og betrumbæta umhverfi leikskólans. Okkur þykir mjög vænt um að í ár fékk vinnudagur Sólstafa tilnefningu til foreldraverðlauna Heimilis og skóla.

Á sameiginlegum starfsdegi skólans og leikskólans í febrúar létum við ráðgjafafyrirtæki gera starfsánægjukönnun fyrir okkur.

Könnunin kom að mestu leyti vel út. Niðurstöður hennar voru að almennt þykir vinnustaðurinn vera góður og starfsandi virðist vera ágætur. Það sem kom síst út var að upplýsingaflæði þykir ekki nægilegt innan skólanna. Á deildarstjóra- og stjórnarfundum var farið yfir hvað við gætum gert betur. Höfum við lagt okkur fram við að bæta upplýsingaflæðið til starfsmanna.

Nemi í leikskólafræðum frá danmörku var í starfsnámi hjá okkur í sex mánuði. Með því að hafa nema í þetta langan tíma markar hann sín spor inn í starfið og varð fljótlega einn af hópnum. Upplifun nemans var að hjá okkur ríkti mikill kærleikur og gleði. Einnig var starfsnemi frá tékklandi hjá okkur í tvær vikur og



var upplifun hans m.a. að við værum mjög vel mönnum en í leikskólanum sem hún starfar á eru tveir kennarar með 40 börn. Við erum þakklát fyrir að vera ekki á þeim stað.

Umsóknir um leiksólapláss streyma inn til okkar. Eins og staðan er í dag erum við með á fjórða hundrað börn á biðlista. Þar sem mörg börn eru væntanlega á biðlista á fleiri leikskólum er erfitt að gera sér grein fyrir hver raunveruleg staða er.

Við erum með öflugan og góðan hóp starfsmanna sem margir hafa starfað hjá okkur í langan tíma. Nokkrir starfsmenn eru með Waldorf leikskóla/kennaramenntun, auk þess hefur hópur hjá okkur áhuga á að læra Waldorf kennarann. Verið er að leita leiða til að fá námið heim að hluta til. Tveir starfsmenn létu af störfum á miðjum vetri og fóru til annara starfa. Þrír starfsmenn munu hætta hjá okkur næsta haust, ýmist til að fara í nám eða til annara starfa. Við þurfum aðeins að ráða tvo til þrjá nýja starfsmenn inn næsta haust vegna þeirra breytinga sem við erum að gera með þéttingu leikskólans. Starfsfólk er mjög jákvætt gagnvart þeim breytingum og telja að þær verði til góðs fyrir starfið.

Leikskólinn er að hefja sitt þrítugasta starfsár og í tilefni að því var haldin vegleg afmælis-sumarhátíð nú í júní. Allt næsta skólaár verður tileinkað afmælinu. Eins og undanfarin ár vorum við með blómasölu á sumarhátíðinni og rennur andvirði hennar upp í gróðurhús sem við erum að safna fyrir. Við erum ekki langt frá því takmarki og munum halda ótrauð áfram þar til því verður náð.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Lýðræðisleg vinnubrögð eru í forgrunni við innra mat í leikskólanum. Fer það fram á stjórnarfundum, deildarstjórafundum, deildarfundum, foreldrafundum og sameiginlegum starfsdegi með grunnskólanum sem er einu sinni á skólaári.

Tekið er tekið tillit til sjónarmiða allra þeirra sem að starfinu koma;

leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna.

Stjórn leikskólans fundar með stjórn grunnskólans vikulega. Farið er yfir þau mál sem liggja fyrir. Atburðir og starfshættir endurmetnir reglulega.

- Efla enn frekar waldorf fræðslu.
- Byggja upp Waldorf sérkennslu.
- Skoða leiðir til að fá Waldorf nám heim.
- Skoða aðrar leiðir vegna vinnustyttingar.
- Halda áfram að gróðursetja tré og runna.

Ytra mat

Þeir aðilar sem taka þátt í ytra matinu eru:

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar gerði úttekt. Komu fram nokkrar athugasemdir og var brugðist við þeim strax.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gerði úttekt án athugasemda.

Veturinn 2023 – 2024 verður áhersla á:

Stjórnandi ásamt stjórn leikskólans bera ábyrgð á innra mati leikskólans. Stuðst er m.a. við símat. Starfið er metið á vikulegum stjórnar, deildarstjóra og starfsmannafundum sem eru á þriggja vikna fresti og sameiginlegum starfdegi með grunnskólanum, sem er einu sinni á vetri. Allir starfsmenn taka þátt í matinu og bera stjórnendur og stjórn skólanna ábyrgð á að því sé framfylgt. Foreldrakönnun er framkvæmd annað hvert ár og var hún framkvæmd á síðasta skólaári.

Innra mat beggja skólastiga var unnið á sameiginlegum starfsdegi í apríl síðastliðnum. Allir starfsmenn skólanna tóku þátt í því.



3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stærsti umbótaþáttur leikskólans þetta ár er þétting leikskólans. Við munum leggja niður eina deild sem verið hefur í einni af lausu skólastofunum og fjölga börnum á elstu og næst elstu deildunum. Fjórir starfsmenn munu því starfa á öllum deildum leikskólans.

Í gegnum árin hafa foreldrar komið til okkar og haft áhyggjur af þeirri skólastofu. Þeir veltu m.a. fyrir sér hvort það gæti verið mygla í húsnæðinu. Við höfum látið athuga það og er hún ekki til staðar.

Við brennum fyrir stefnunni og viljum vera trú henni. Við teljum að ef allar deildir eru undir sama þaki muni starfið eflast en frekar. Elstu og næst elstu börnin verða nær hvort öðru og mun samvinna á milli deildanna aukast.

Búið er að ráða reynslumikinn waldorf kennara sem deildarstjóra sérkennslu. Á meðan verið er að skipuleggja og byggja upp hana upp mun verða utanaðkomandi waldorf menntaður sérkennari í hlutastarfi deildarstjóra til aðstoðar.

Með rýminu sem ætluð er sérkennslunni munu möguleikar aukast við að taka út litla hópa og vinna með þá í meiri ró.

Frá sumarfríi og fram að grunnskóla byrjun mun deildarstjóri sérkennslu ásamt öðrum starf vera í rýminu með sumarskóla fyrir elstu börnin sem eru að byrja hjá okkur í grunnskólanum.

Sérkennslan mun hefjast að sumarskóla loknum.

Ábyrgð á starfinu taka stjórnendur leikskólans ásamt deildarstjóra sérkennslu. Starfið verður rýnt og metið á vikulegum deildarstjórafundum

Tími: Skólaárið 2024 - 2025



4 Innra mat Regnbogadeildar

Á Regnbogadeild starfa fjórir starfsmenn með fimmtán börnum fæddum 2018 og 2019.

Í fyrra útskrifuðust mjög fá elstu börn úr leikskólanum og þess vegna voru litlar breytingar á Regnbogadeild. Þetta var frábært tækifæri fyrir okkur kennarana að dýpka vinnuna með börnunum sem við þekktum orðið vel. Það var mjög gaman að sjá þau blómstra eitt ár í viðbót áður en þau hefja skólagönguna núna í ágúst.

Verkefnin sem við unnum í voru fjölbreytt og mörg.

Samkvæmt áætlun lögðum við mikla áherslu á hreyfingu því það voru margir einstaklingar með mikla hreyfipörf. Við jukum við útiveru, gönguferðir og útikennslu eftir þörfum barnanna og heppnaðist það mjög vel. Börnin voru í betra jafnvægi í eftirmiðdaginn og leikurinn þeirra var fjölbreyttari og rólegari. Við sáum líka mikila framför í grófhreyfingum barnanna úti og æfðum okkur mikið í þrautabrautum inni þar sem börnin byggðu þrautir úr stólum, dýnum og teppum m.a.



Við áttum mjög náið og gott samstarf með foreldrum sem við teljum afar mikilvægt. Á lokaðri Facebook síðu Regnbogadeildar gátu foreldrar fylgst vel með daglega; til að mynda hvað við gerðum á daginn og þar voru settar inn myndir, söngvar, myndskreið og allskyns fræðsluefni. Foreldrar fengu daglega upplýsingar um líðan barns síns og mánaðarlega var sent út fréttabréf. Einnig bjóðum við upp á auka foreldraviðtöl ef þörf var á því.

Nokkur börn fóru erlendis í nokkrar vikur og héldum við tengingu við þau með stuttum myndböndum, söngvum og fréttum. Þessi aðferð vakti mikla lukku hjá fjölskyldunum og voru börnin ánægð að hafa ekki misst af tengingunni við leikskólann, þrátt fyrir fjarveru.



Við fórum einu sinni til tvisvar í mánuði í heimsókn í Waldorfskólann og börnin tóku þátt í kennslustund 1. bekkjar. Þessar heimsóknir voru mjög vinsælar og vöktu mikla tilhlökkun leikskólabarnanna og voru þau spennt að byrja í skólanum og undirbjuggu heimsóknirnar vel til að finna til öryggis í nýju umhverfi og að geta tengst eldri skólabörnum.

Á Regnbogadeild æfðum við félagsleg samskipti, að tjá tilfinningar, virka hlustun, þora að segja nei og að virða mörk annarra.

Einn starfsmaður fór á tvö námskeið hjá Barnaheill og unnum við eftir þeirra fræðslu við að kenna börnunum að hlusta og að virða mörk annarra og að nei þýðir nei.

Frábært var að sjá hversu jákvæð áhrif þessi kennsla hafði á samskipti þeirra. Börnin byrjuðu að hlusta betur á þarfir hvors annars og minntu hvort annað á ef einhver gleymdi að hlusta eða hætti ekki eftir að sagt var nei. Sýnilegt var líka að börnin sem voru feimin að tjá sig, um sínar þarfir eða tilfinningar gátu með tímanum og æfingu tjáð sig skýrar og sett betur mörk.

Áhugi barnanna á ræktun hefur aukist á þessu ári og mundi þau vel eftir ávaxtasteinunum og fræjunum sem við sáðum í fyrra.

Við sáðum ýmsum matjurtum, m.a. tómötum, graslauk, kress, sólblómafræjum og basil og fylgdumst með þeim vaxa og nýttum þær í matargerð. Börnin komu með allskonar fræ að heiman og við gerðum tilraunir með mangó steinum, ananas og avocado. Öll börnin tóku glöð þátt og fundu til ábyrgðar að sinna plöntunum.



Undirbúningur útskriftar leikrits elstu barnanna tókst einstaklega vel



Allir foreldrar gáfu leyfi fyrir myndbirtingunni.



Sagan var samin af deildarstjóra og sögð í sögustundinni í lok apríl. Börnin voru fljót að læra textann og tóku þátt í að segja söguna með kennaranum.

Sagan breyttist lítillega og sögupersónur aðlöguðust í takt við óskir barnanna.

Öll börnin voru mjög dugleg að búa til búninga. Þau saumuðu í höndunum og í saumavél, þæfðu og máluðu á búningana og tálguðu aukahluti.

Þetta ferli tók um sex vikur í maí og júní þar til allir búningarnir voru tilbúnir.

Eftir nokkrar æfingar á sviði sýndu börnin leikritið þann 13. júní fyrir fjölskyldur sínar og hin leikskólabörnin. Öll stóðu sig vel og það var mikill sigur að þora að sýna fyrir framan svo stóran hóp áhorfanda.

Leikarar og áhorfendur voru hæstánægð og við kennararnir afar stolt af börnunum.

Umbótaáætlun 2024 - 2025

Eftir sumarfrí bíða okkar miklar breytingar því deildin okkar verður lögð niður.

Í ágúst munu öll börnin á deildinni hefja skólagöngu og því var ákveðið að nýta tækifærið og minnka leikskólann um eina deild. Allar deildir leikskólans verða þá saman í aðalbyggingunni og húsnæðið þar sem Regnbogadeild er verður nýtt sem sérkennslurými.

Regnbogadeild er staðsett í færanlegri kennslustofu og var stofnuð til að koma öllum deildum fyrir eftir sameiningu leikskólanna tveggja frá Grundarstíg og Marargötu árið 2019. Í ágúst mun starfsfólkið hefja störf á deildinni Stjörnuloft og vinna með næst elstu börnum leikskólans.

Skipulag deildarinnar - Stjörnuloft

Við viljum endurskipuleggja Stjörnuloft.

Þetta er mjög spennandi tækifæri fyrir starfsfólkið að vinna saman í teymi og skipuleggja “nýju deildina okkar” – allt frá uppsetningu á deildinni, leikföng, skipulag, rútínur og fleira.

Í júní hófst hugmynda- og þróunarvinna og unnu allir starfsmenn í henni.

Leikföng

Við ætlum að yfirfara öll leikföng Regnbogadeildar og fara yfir húsgögn, bækur, púsl og þess háttar og sjá hvað getur nýst okkur áfram á Stjörnulofti. Listi hefur verið gerður yfir hvað þarfnast lagfæringar og starfsfólk jafnt og börnin taka þátt í því skemmtilega ferli, að lagfæra, endurnýta og fegra leikföngin, bæði inni en



einnig í útiveru. T.d. þarf að laga dúkkufötin, pússa og mála bekki sem verða notaðir fyrir jafnvægisþrautir og sem rennibrautir. Það þarf að gera upp viðar eldavélina og margt fleira. Einnig höfum við óskir um ný leikföng sem okkur langar í og munum við búa þau til með því að þrjóna, þæfa, sauma og tálga.

Ábyrgð: Allt starfsfólk.

Tími: Júní 2024 til júní 2025.

Metið: Símat og á reglulegum starfsmannafundum.

Rútínur

Yfirfarnar verða haust-, vetrar-, vor- og sumar rútínur sem voru áður á Stjörnulofti og lagaðar að aldri barnanna sem munu byrja á Stjörnulofti í ágúst. Einnig verður unnið í að bæta samstarf með Fiðrildadeild og rútínu þeirra.

Ábyrgð: Deildastjórar Stjörnulofts og Fiðrilda og starfsfólk deildanna.

Tími: Júní til októbers.

Metið: Símat og á reglulegum starfsmannafundum.

Þema: Íslensku dýrin

Á næsta ári munum við vinna með dýrabema á Stjörnulofti; íslensk dýr frá fuglum, býflugum, landdýrum, sjódýrum til stórra og litla padda, köngulóa og orma.

Börnin munu læra um dýrin í gegnum sögur, söngva, fändur, hringleiki og bækur. Fræðslan fer líka fram úti í garði og í vettvangsferðum í nærumhverfi leikskólans, þar sem börnin geta upplifað og kynnst dýrunum. Skipulagðar verða vettvangsferðir t.d. í fjöruna við Laugarnes, út á Seltjarnarnes, í Húsdýragarðinn og á bóndabæ í Miðdal í Kjós. Börnin muna fara á söfn eins og t.d. Hvalasafnið. Á grímuballinu verður dýrabema og munu börnin föndra dýrabúninga.

Við viljum vekja áhuga og kærleik þeirra til að geta sýnt umburðarlyndi gagnvart dýrum og smádýrunum í garðinum. Önnur verkefni eru t.d. að smíða fuglahús með börnunum og búa til fuglamat á veturna.

Ábyrgð: Verkefnum verður deilt milli starfsfólks.



Tími: Ágúst 2024 til júní 2025.

Metið: Símat og á reglulegum starfsmannafundum.

Innra mat Fiðrildadeildar

Á Fiðrildadeild starfa fjórir starfsmenn í 100% starfi. Á deildinni eru sautján börn. fædd 2018 -2019. Við deilum fatahengi með Stjörnulofti, sem er deild fyrir börn fædd 2019. Öflugt samstarf er á milli deildanna. Börnin koma í heimsókn reglulega og eins ef það er mannekla þá finnum við lausnir á því í sameiningu. Á Fiðrildadeild er fastur hrynjandi og viljum við hafa gott skipulag og flæði í daglegu starfi.



Við hugsum alltaf um að halda jafnvægi milli verkefna og ró í daglegu lífi eins og í andardrættinum (anda inn og anda út). Í námskránni okkar fléttum við náttúruna inn í starfið í gegnum sögur, söngva og föndur. Waldorfstefnan er okkar leiðarljós og viljum við vera henni trú og uppfylla uppeldisstefnuna sem foreldrarnir eru að sækjast eftir. Við leggjum mesta áherslu á að vera börnunum góð fyrirmynd þar sem börnin læra mest með því að herma eftir. Starfsmenn nota undirbúningstímamann meðal annars til að auka við sig fræðslu og eiga í samtali um Waldorf uppeldisfræði.



Farið var reglulega í vettvangsferðir. Við vorum ekki eins dugleg og í fyrra að fara í skógarferðir þar sem sum barnanna eiga erfitt með að fara í lengri ferðir. Við náðum þó að fara nokkrar ferðir í Öskjuhlíðina og Elliðaárdalinn. Við lögðum meiri áherslu á að kynna nærumhverfinu og fórum því meira á staði eins og Klambratún, Ásmundarsafn, Húsdýragarðinn og Laugardalinn. Í Grasagarðinum fengum við fræðslu um plöntur og skordýr. Snemma í haust fórum við í Heiðmörk að tína ber, það var mjög vinsælt að fara í Laugarnesið í fjöruferð til að tína skeljar og steina. Í lok september fórum við í lífsleikni með grunnskólabörnunum úr Waldorfskólanum og voru elstu börnin á deildinni einn heilan dag í skóginum.



Í vetur vetur fórum við á mörg söfn og meðal annars Sjóminjasafnið og varðskipið Óðinn, Landnámssýninguna, Þjóðminjasafnið, Kjarvalsstaði, Náttúruminjasafnið og Ásmundarsafn. Það var fróðlegt að fá glæsilega fræðslu og æfa okkur í að nota strætókerfið.

Um jólin var þétt dagskrá og heimsóttum við jólaköttinn á Lækjartorgi. Einnig var farið í Hallgrímskirkju til að fá fræðslu um jólahald eins og það var í gamla daga með sýningunni Jólin hans Hallgríms. Einnig tókum við þátt í Aðventustund í Grasagarðinum. Að lokum fórum við á Þjóðminjasafnið að heimsækja Gáttaþef.

Í vor var farið í árlegu sveitaferðina. Eins og alltaf var farið í fjöruna við Hvalfjarðareyri og bóndabærinn Miðdalur í Kjós var heimsóttur. Við fórum einnig á bókasafnið á námskeið um meðhöndlun bóka. Elstu börnin fóru í leikhús til að fá kynningu hjá Borgarleikhúsinu. Sinfóníuhljómsveitin var líka heimsótt og hlustað á klassíska tónlist.



Endurmat umbótaráætlun 2024

Málörvun á Fiðrildadeild

Það var lögð mikil áhersla á málörvun og fóru þau börn sem þurftu mest á því að halda þrisvar í viku, hálf tíma í senn, í málörvun. Það var áskorun að láta þetta passa inn í almennt starf á deildinni en með endurskoðun á ferlum okkar varð þetta hluti af daglegu starfi. Áskorunin var helst sú að til að byrja finna leiðir til að hvetja þau börn sem þurfa að fara oftar en önnur. Passa þurfti upp á að halda þessu starfi spennandi og að þau upplifðu hvatningu til að halda starfinu áfram.

Gaman er að segja frá að við sjáum mikinn árangur hjá þeim börnum sem fóru hvað oftast, það hefur verið gríðarlega mikil framför hjá þeim börnum.

Barnaskoðun

Við setjum það í meiri forgang hjá okkur að ná að rita umsagnir um öll börnin á deildinni. Það náðist þó ekki að klára það starf að fullu og á enn eftir að taka nokkur börn í athugun. Sjáum við fyrir okkur að ná að klára þetta fyrir þau börn sem eftir eru og útskrifast á næsta ári frá leikskólanum. Góð hugmynd er að



taka þá börn sem eru elst og halda ekki eitt ár í viðbót áfram á leikskólanum fyrst.

Samtengja sögustundir og föndur

Það tókst að hluta til að samtengja sögustundir og föndur í starfinu. Þó er enn miklir möguleikar til þess að efla þetta verkefni. Við skreyttum reglulega gluggana á deildinni og höfðum þematengdar skreytingar, tengdar við árstíðir og var mikið unnið með náttúrulegan efnivið.

Umbótaráætlun 2025

Aukið lýðræði á deild

Í byrjun næsta leikskólaárs, munum við í sameiningu ákveða hvernig reglurnar verða á Fiðrildadeild. Ætlunin er að við förum markvisst yfir reglurnar og lærum þær hægt og rólega. Börnin fá aðstoð starfsmanna við að ákveða reglurnar og hjálpast líka að að kenna hvort öðru. Starfsmenn deildarinnar munu setja upp skjal sem foreldrar fá sent heim. Reglurnar munu gilda fyrir alla fullorðna og börnin á deildinni börn.

Ábyrgð: Allt starfsfólk

Tíma: Ágúst 2024

Metið: Haust starfsmannafundir

Sameining og stækkun Fiðrildadeild

Í vor var ákveðið að loka Regnbogadeild og breyta því í svæði fyrir deildarstjóra sérkennslu sem mun sjá m.a. um málörvun fyrir börnin í leikskólanum. Mun þá Fiðrildadeild stækka upp í 18 – 20 barna deild. Það er ýmislegt sem þarf að huga að í kjölfar þeirrar stækkunar, meðal annars fatahengi fyrir börnin, almennt borðpláss og fleira. Þetta er eitt af því sem verður til umræðum á starfsdegi okkar í ágúst.

Ábyrgð: Deildarstjórinn

Tími: til lok 2024

Metið: Á starfsmannafund í haust



Rútinur

Unnið verður í að auka og bæta samstarf á milli Fiðrildadeildar og Stjörnulofts. Við munum endurskoða núverandi dagsrútinau. Sérstaklega þarf að endurskoða útiveruna og tímana í fatahenginu

Ábyrg: Deildarstjórar Fiðrilda og Stjörnuloft

Tími: lok júni – október

Metið: með endurmati á reglulegum starfsmannafundum

Innra mat Stjörnuloft

Á Stjörnulofti eru sextján börn, fædd 2019-2020 og fjórir starfsmenn.

Stjörnuloft er í sama hólfi og Fiðrildadeild og deila deildirnar tvær fataklefa og salernisaðstöðu.

Dagshrynjandi á Stjörnulofti: rýnt í starfið

Leikskólinn opnar kl 8:00, frá þeim tíma byrja börnin að mæta. Frá 1. október fram að páskafrí þá byrjar starfið innan dyra og þá er róleg stund. Kl 9:10 fer tiltekt fram og svo er morgunhringur og hressing. Eftir það er útivera fram að hádegismat, þá er farið inn að borða og svo er sögustund eftir hádegismat og frjálisleikur í kjölfarið. Síðdegis hressing er eftir tiltekt um kl 14 og þegar henni er lokið þá er útivera þar til leikskólinn lokar kl 17:00. Í þessu ferli er stuðst við heimspekilega nálgun í inn- og útöndun, þar sem innöndun er þegar setið er við matarborð og þegar róleg stund er, t.d. sögustund eða fyrst á morgnana, morgunhringur og hvíld. Útöndun á sér stað í frjálsum leik, sem er bæði utan og innan dyra. Þar fær barnið tækifæri til þess að leika allt sem það er að melta í sálinni eða barnið hermir eftir því sem það hefur séð gerast hjá fullorðnum, sem verður að finna farveg með því að barnið leikur sér sjálft eða með öðrum börnum í búðarleik, mömmó eða skrifstofuleik, til dæmis.

Morgunhringur



Morgunhringurinn gefur okkur tækifæri til þess að heilsa hvort öðru almennilega. Þá sitjum við saman í hring, syngjum söngva sem bjóða daginn og börnin velkomin og svo árstíðabundin lög. Við syngjum sömu lögin í einn mánuð, sem eykur orðaforðan og endum alltaf eins með því að fara með vers sem er fyrir vináttu.

Morgunhressing og málörfun

Morgunhressing er starx á eftir morgunhring og þá er boðið upp á ávexti og brauð, ásamt vatni. Helmingur barnanna á Stjörnulofti þurfa málörfun, ýmist vegna tvítyngis eða annara áskoranna. Þegar hressing er búin þá er málörfun fyrir þau sem þurfa og hin fara í útiveru. Þegar málörfun er lokið fara þau út til hinna Stjörnuloftsbarnanna. Málörfun er fyrir tvítyngd börn og börn sem hafa verið hjá talmeinafræðingi og fengið grænt ljós á að þurfa stuðning.

Útivera

Útivera er frá kl 10-11 og svo frá 14:30-17:00 á veturna, en frá því leikskólinn opnar til 11:15 og svo 13:30-17:00 á sumrin. Veturinn er 1.nóv og fram yfir páskafrí. Sumartíminn er þá frá Páskum og til loka október. Ef veður er orðið of kalt í lok október, þá stytta við sumartímann og byrjum inni fyrr. Þegar veður er vont, þá er yfirleitt ekki farið tvisvar út. Útiveran er þá á morgnanna og frjálsi leikurinn er þá lengdur inni. Útileikssvæðið er vel nýtt og mikill spuni fer þar fram. Kennarar eru vinnandi fyrirmyndir og er því mjög algengt að sjá kennara vinna í garðinum, sópa stétt og vinna að ýmiskonar handverki. Börnin sækjast í að herma eftir og eru því fljót að fara sópa eða vinna í garðinum eins og kennarinn.

Hádegismatur

Hádegismaturinn er eldaður í skólaeldhúsinu, þar sem leikskóla kokkurinn hefur aðsetur. Grunnurinn er alltaf korn afurð og svo er árstíðabundið meðlæti með. Kennarar og börn sinna garðyrkju, sem fær svo að rata inn á matarborð þegar uppskeran er tilbúin.

Hádegismatur og vinnustundir fylgja viku hrynjanda, sem er eftirfarandi:

Mánudagur: Hrísgrjónagrautur og árstíðabundið föndur



Þriðjudagur: Bygg og bývax

Miðvikudagur: Hirsi og málun

Fimmtudagur: Súpa og baka/leira

Föstudagur: Pasta og gönguferð og þrif

Sögustund og hvíld

Sögustund er eftir hádegismat. Í sögustund eru sögð árstíðabundin ævintýri og er sama ævintýrið sagt í þrjár vikur í senn. Ævintýrið er alltaf bein frásögn frá kennara og notar hann brúður og silki til að styðja við söguna.

Frjáls leikur

Frjáls leikur er þungamiðjan í okkar starfi því sá tími er þar sem barnið er í frjálsu flæði að leika allt það sem það hefur upplifað. Í frjálsa leiknum æfir barnið samskipti við önnur börn, félagslega hæfni, fín- og grófhreyfingar og gefur ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Leikföng

Leikföngin sem við notumst við eru úr náttúrulegum efnivið og reynum við að notast við kubba, skeljar og steina. Það er mikilvægt að dótið sé ekki með fyrirfram ákveðið hlutverk, heldur að þetta sé efniviður sem getur orðið það sem barnið vill að það verði.

Útivera

Á Stjörnulofti förum við út tvisvar á dag. Á morgnana og eftir hádegi. Í útiverunni er frjáls leikur þar sem börnin finna sér ýmislegt að gera. Í útiverunni er starfsfólkið virkt að sinna hinum ýmsu störfum. Börnunum er velkomið að hjálpa til við allt sem kennararnir vinna við úti því starfsmenn eru börnunum jákvæð vinnandi fyrirmynd.

Gönguferðir

Gönguferðir eru farnar á föstudögum. Á haustin förum við fyrir hádegi í gönguferðir, yfir vetratímam förum við eftir hádegi og svo á vorin fyrir hádegi. Þetta er gert til að börnunum líði sem best birtulega séð.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er okkur mjög kært á Sólstöfum. Við leggjum mikið upp úr góðu og nánu sambandi við foreldra því án góðra samskipta og vináttu eiga börnin erfiðara með að fóta sig hjá okkur. Það eru samvinnudagar tvisvar á ári þar sem foreldrar, kennarar og börn vinna saman að hinum ýmsu verkum bæði utan hús og innan. Það er góður vettvangur fyrir kennara og foreldra að spjalla saman og eiga góðar stundir með börnunum. Einnig erum við með samverustundir í undirbúning fyrir jólamarkað þar sem við hittumst á laugardögum og fönndrum saman fyrir jólamarkaðinn okkar. Foreldrum er líka boðið nokkru sinnum á ári að koma og vera með okkur part úr degi eins og til dæmis á luktarhátíðinn og í páskakaffinu. Við erum með foreldraviðtöl í mars og svo foreldrafund á haustin. Við sendum út fréttabréf mánaðarlega og erum með lokaða facebook síðu fyrir deildina. Eins er alltaf í boði að panta fund með deildarstjóra og fara yfir þau mál sem brenna á foreldrum.

Breytingar og úrbætur 2024 til 2025

Frá áramótum hefur starfið á Stjörnulofti tekið þó nokkrum breytingum. Um áramótin tók nýr deildarstjóri við, í hlutastarfi. Engar breytingar voru gerðar, en það urðu breytingar á starfsmannahópnum. Aftur verða breytingar haust 2024 á deildarstjóra, því leikskólinn fækkar um eina deild og færast þá deildarstjóri Regnbogadeildar yfir á Stjörnuloft.

Skipulag á deild

Innra skipulag deildarinnar er í sífelldri þróun. Það veltur mikið á barnahópnum hvernig við leggjum línurnar fyrir daginn okkar. Á haustin máttum við okkur í hrynjanda sem virkar fyrir börnin og gefum okkur svo smá tíma í að fínþússa hann. Í grunninn er hrynjandinn okkar öndun í deginum og þrífumst við öll bæði starfsfólk og börn vel í góðum hrynjanda. Deildarstjóri skiptir verkefnum á milli starfsfólks í byrjun hverrar annar svo allir séu með sín verkefni á hreinu. Það þarf að halda utan um hin ýmsu verkefni svo sem hátíðir, vikuleg störf barnanna



eins og málun og föndur og svo þarf að vera utanumhald utan um bæði foreldra og börn.

Innramat Mánaflöts

Á Mánaflöti eru sextán börn fædd 2020-2022. Á deildinni eru fjórir starfsmenn í 100% starfi.

Í Waldorf er mikið lagt uppúr dagshrynjanda, svo börnin vita fyrirfram hvaða verkefni eru hverju sinni. Mikil ró fæst við það fyrir bæði börn og starfsfólk að

vita hvað kemur næst. Einnig erum við mikið úti og förum út tvisvar sinnum á dag allt árið og erum lengur úti á vorin og sumrin. Mikið er lagt upp úr frjálsum leik og frelsi innan rammans. Dagsformið er því nánast alltaf eins. Hér fyrir neðan er dagskipulagið og vikuhrynjandinn. Við einblýnum á að hafa flæði og erum því ekki endilega alltaf á klukkunni, heldur frekar að flæða á sama hátt í gegn um daginn.



Vikuhrynjandinn:

- Mánudagur: Málað.
- Þriðjudagur: Handavinna
- Miðvikudagur: Ævintýri, gönguferð.
 - Við byrjum daginn úti frá kl 9:00
- Fimmtudagur: Bakað.
- Föstudagur: útivera, við byrjum dagana úti, þrífir eru í boði í frjálsa tímanum.

Dagshrynjandi:

08:00 leikskólinn opnar (á sumrin og vorin byrjum við dagana úti)

09:00 morgunsöngur

09:15 hressing

09:30-10:30 frjáls leikur



10:30-11:00 klósett
11:00-11:15 Sögustund/vísa
11:15 hádegismatur
12:00-14:00 hvíld/rólegur leikur
14:30 hressing
15:00- útivera.
17:00 leikskólinn lokar.

Endurmat á umbótaáætlun 2024-2025

Í ár hefur allt skipulag verið sýnilegt á töflu svo að allir viti hvaða verkefnum þeir eigi að sinna hvern dag, hefur það hjálpað afleysinga starfsfólki að ganga beint í verkin. Við höfum aukið skipulag í kringum stórar hátíðir, þar sem mikið er lagt uppúr hátíðum, getur það aukið álag inni á deild. Við höfum byrjað snemma að undirbúa og deilt niður verkefnum, hefur það gengið mjög vel. Breyttar aðstæður í hvíldinni voru skipulagðar vel, um það bil sex til sjö börn hættu að taka lúr á daginn og voru í fremri stofu í rólegum verkefnum með kennara eða fóru út að leika. Mikil ró var því í hvíldinni fyrir þau börn sem enn þurftu hana. Í ár var starfsmaður sem flakkaði á milli deilda með söng og málörvunar stundir, voru þær stundir mjög gagnlegar fyrir hópinn. Það skapaði bæði ró inni á deild þar sem hópurinn var tví- og þrískiptur í málörvunarstundum. Í frjálssa leiknum lögðum við mikið upp úr því að gera leiksvæði fallegt og spennandi til að dýpka frjálssa leikinn enn meira. Börnin hafa notað nýja leikstanda á skapandi hátt og ýmist búið til hús, þrautabrautir eða afmarkað svæði til að leika á.





Umbótaáætlun 2025-2026

Breytingar á deildinni

Í haust mun verða settur upp nýr veggur á milli Mána- og Stjörnulofts sem mun skapa minni klið á milli deildanna tveggja en töluvert hefur heyrst á milli þar sem opnanlegur veggur er þar nú. Þetta hefur skapað töluverða truflun í hvíld og sögustundum. Einnig munum við fá ný hringlaga borð og bekki í stað stóla en erfitt hefur verið að koma öllum fyrir borðin sem nú eru.

Tími: allt árið

Ábyrgð: stjórn leikskólans.

Sögustundir

Á Mánalofti hafa sögustundir verið nokkuð stuttar og einfaldar. Þær sögur sem hafa verið með leikbrúðum hafa verið meira spennandi og eftirinnilegri hjá hópum. Okkur langar í ár að vera duglegri dýpka sögustundir með því að hafa fleiri sögur með leikbrúðum og gera söguna þannig meira lifandi fyrir börnin. Við segjum sömu söguna í 1 mánuð og passar hún við árstímann hverju sinni.

Tími: allt árið

Ábyrgð: allir starfsmenn deildar, deildarstjóri sér um skipulag.

Árstíðarborð

Við erum með árstíðarborð sem endurspeglar breytingar sem eiga sér stað í náttúrunni yfir árið. Það hefur oft gleymst að passa vel upp á að hafa árstíðarborðið fallett og snyrtilegt. Við ætlum að setja niður skipulag þar sem starfsmaður á deildinni sér um að skipta út og hafa borðið fallett. Einnig sjáum við oft hluti úr sögunni sem er sagt hverju sinni á árstíðarborðinu.

Tími: allt árið

Ábyrgð: Allir starfsmenn deildarinnar.

Innra mat á Bjartalandi

Á Bjartalandi starfa þrjú starfsmenn í 100% starfi og einn í 90% starfi.

Á deildinni er einn kennaramenntaður starfsmaður.

Það eru sextán börn á aldrinum átján mánaða til þriggja ára.



Bjartaland er ynsta deildin á leikskólanum og þar byrjar skólaganga barnanna. Við vinnum útfrá mjög einföldum hrynjanda og er það gert til að skapa traust og að börnin geti hvílt sem best í deginum.

Dagshrynjandinn er þrískiptur : Haust, vetur og vor og er þetta gert til að börnin njóti útiverunar sem best. Á haustin og vorin byrjum við daginn okkar úti, við syngjum saman og borðum fyrstu hressingu einnig úti. Við förum inn kl: 10:00 og þá eru bleyjuskípti, klósettferðir og handþvottur. Hádegismaturinn er borðaður kl 11.00. Að loknum hádegismat er hvíldin og er hún til ca 13.00. Þegar börnin vakna er svo frjáls leikur og bleyjuskípti. Seinni hressing er borðuð um kl:14.00 og eftir það förum við út að leika þar til leikskóladeginum líkur. Á veturnar byrjum við inni, Og endum daginn inni.



Vikuhrynjandinn breytist örlítið á milli haust, vetur og vors en vegna mikilla útiveru, bókum við t.d bara brauð á veturnar og svo er einnig meiri tími í árstíðarbundið föndur. Annars er hver dagur með sitt verkefni sem börnin fylgja, svo sem bakstur, þrif, málun og föndur.

Árshrynjandinn er svo hátíðarnar okkar sem skipa stóran sess í skólafarfinu. Það er mikilvægt að börnin fái að kynna þeim á sínum hraða og finnst okkur því mikilvægt að Bjatalandsbörnin fái að uplifa þær í því formi sem hentar þeim. Við höfum haldið öllum veisluhöldum lágstemdum og passað að öllum líði vel með þær breytingar sem svona dagar hafa í för með sér.

Í vetur var nokkuð um breytingar á Bjartalandi, deilastjóri hætti um áramót og nýr tók við. Þetta skapar alltaf smá óróa en gekk samt sem áður mjög vel. Fengin var deildastjóri af annari deild sem kann til verka innan húss og það auðveldaði ferlið til muna. Samvinna hjá starfsfólki hefur gengið ótrúlega vel og mikil áhersla er lögð á að öllum líði vel. Það voru nokkur börn fær yfir á eldri deild og eitt barn sem hætti svo það voru nýj börn tekin inn í janúar, mars og apríl. Þær aðlaganir gengu vonum frammar og nýju börnin voru fljót að aðlagast okkur öllum.

Barnahópurinn er mjög samrýmdur og gengur starfið ótrúlega vel.

Endurmat á umbótaráætlun 2023 til 2024

Starfið á Bjartalandi er í mjög föstum skorðum og hefur fylgt deildinni lengi. Það gengur vel fyrir bæði starfsmenn og börn að hafa verkskipulag gott.

Hreyfing

Það er gjöf fyrir alla að geta verið sem mest úti og hefur það reynst erfitt þegar börnin eru að koma lítil inní leikskólann. Sum hver ekki byrjuð að ganga og önnur eiga erfitt með að fóta sig í hlýfðarfatnaði. Við erum með lítinn garð sem smíðaður var á vinnudegi fyrir nokkrum árum og hentar hann okkur vel þegar veðrið er leiðinlegt. Einnig erum við úti þegar allar aðrar deildir eru úti og þá getur verið erfitt að fylgjast með krílunum þegar sum eru orðin mjög hreyfanleg og önnur ekki.

Foreldrasamstarf



Foreldrasamstarf er okkur mjög kært á Sólstöfum. Við leggjum mikið upp úr góðu og nánu sambandi við foreldra því án góðra samskipta og vináttu eiga börnin erfiðara með að fóta sig hjá okkur. Það eru samvinnudagar tvisvar á ári þar sem foreldrar, kennarar og börn vinna saman að hinum ýmsu verkum bæði utan hús og innan. Það er góður vettvangur fyrir kennara og foreldra að spjalla saman og eiga góðar stundir með börnunum. Einnig erum við með samverustundir í undirbúning fyrir jólamarkað þar sem við hittumst á laugardögum og fönndrum saman fyrir jólamarkaðinn okkar. Foreldrum er líka boðið nokkru sinnum á ári að koma og vera með okkur part úr degi eins og til dæmis á luktarhátíðinn og í páskakaffinu. Við erum með foreldraviðtöl í mars og svo foreldrafund á haustin. Við sendum út fréttabréf mánaðarlega og erum með lokaða facebook síðu fyrir deildina. Eins er alltaf í boði að panta fund með deildarstjóra og fara yfir þau mál sem brenna á foreldrum.

Umbótaáætlun 2024 til 2025

Hreyfing

Það væri gott að geta verið með „dagmömmu kerrur“ til þess að komast með þau í styttri ferðir og fá að leika í ró og næði á leikvöllunum í kringum leikskólann. Við það myndi skapast fleiri tækifæri til útiveru.

Foreldrasamstarf

Það væri gott að vera með foreldrafundi sem eru eingöngu fyrir Bjartaland og væri þá hægt að ræða bara við foreldrahópinn innan deildar um mál sem skipta þá foreldra máli. Þessir fundir myndu auka innsýni í starfið og skapa traust og ró margra foreldra sem eru að koma með börnin sín í fyrsta skipti á leikskóla.

Það eru haldnir starfsmannafundir einu sinni í mánuði þar sem skipulag og verkaskipting er rædd, við metum allt árið hverju þarf að breyta og hvað er í forgangi hverju sinni.

Okkur á Bjartaland finnst mikilvægt að nýta þá hæfileika sem starfsfólkið hefur og fer verkaskiptingin eftir því.

Deildastjóri tekur ábyrgð á að deila verkefnum.



5 Innra mat sérkennslu

Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir öll börn sem þess þurftu og notast var við færni miðað matskerfi, AEPS, til þess að útbúa slíkar námskrár. Færni barnanna á sex mismunandi þroskasviðum var metin á nokkurra mánaða fresti yfir allt skólaárið.

Megináhersla var lögð á að efla sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum og færni þeirra í félagslegum tjáskiptum og samskiptum. Einnig var áhersla lögð á að þjálfa grófhreyfingar, fínhreyfingar og vitsmunabátt. Þjálfunin miðaði að því að gera börnin að virkum þátttakendum í leikskólastarfinu og var að mestu leiti tvinnuð inn í daglegar athafnir inni á deild meðal barnahópsins. Þetta mikilvæga verkefni var falið öllu starfsfólki á deild viðkomandi barns.

Einnig fór fram eiginleg sérkennsla, þar sem barnið var tekið úr hópnum í allt að 30 mínútur á dag og færniþættir þjálfaðir sérstaklega. Til málörvunar var t.a.m. notast við myndabanka sem innihélt myndir af fólki í ýmsum athöfnum daglegs lífs. Einnig var notast við bókina Orð eru ævintýri sem er gefin út af Menntamálastofnun. Önnur námsgögn voru búin til í leikskólanum.



5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Á þessu skólaári hafa farið fram málörvunarstundir á öllum deildum þar sem kennari hefur farið inn á deildir tvisvar til fimm sinnum í viku og unnið með fámenna hópa. Orðaforði var kenndur í gegnum söng, leiki og fingralleiki. Einnig var unnið með Lubbi finnur málbein og Lestrarlandið. Í samræmi við aldur og þarfir barnanna voru orðin í textunum útskýrð og innihald söngvanna útskýrð með myndum og hreyfingum. Í lok stundanna fóru fram samræður þar sem börnin gátu tjáð sig. Fjármagn sem skólinn fékk úthlutað var notað m.a. í málörvunar stundirnar, kaup á bókum og gerð námsgagna.

Hjá okkur er ekki hefð fyrir því að framkvæma skimanir nema brýn nauðsyn er til. Barnaskoðun (sjá í fylgiskjölum) er gerð reglulega. Einstaklings- áætlanir eru gerðar fyrir börn sem eru með stuðning. Fjöltýngd börn eru þó undir auknu eftirliti og hafa mætt í málörvunarstundir tvisvar til þrisvar í viku í vetur.

Á næsta skólaári verður verður áfram unnið með fámenna hópa í málörvun hjá deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu (sem byrjar næsta haust) mun vinna með Waldorf sérkennara (sem byrjar næsta haust) að uppbyggingu málörvunarstundanna.

Framfarir verða metnar með símati sem deildarstjóri sérkennslu heldur utan um. Viðmið um árangur er að öll börn njóti þess að taka þátt í málörvunarstundum og geti nýtt sér þann orðaforða sem verið er að vinna með



hverju sinni. Umbætur munu hefjast í lok ágúst og á að verða lokið í lok júní 2025. Deildarstjóri sérkennslu ásamt stjórnanda taka ábyrgð á umbótunum.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars til apríl. Viðtölin voru þannig uppsett að starfsfólk fékk fyrirfram senda umræðupunkta í tölvupósti sem tengjast bæði líðan í vinnu, samskiptum á vinnustaðnum og starfinu.

Stjórnandi hvatti til að starfsfólk tæki sér góðan tíma til hugleiða umræðupunktana og kæmi vel undirbúið í viðtalið. Starfsfólk fær tækifæri til að skoða sjálft sig, væntingar sínar, samskipti innan deildar og í leikskólanum. Gefin var klukkustund í hvert viðtal.

Einn stjórnandi tók öll viðtölin.

Helstu áherslur sem komu fram í viðtölunum voru:

Starfsfólk var almennt ánægt í vinnu, flestum fannst starfsandinn góður og allir finna fyrir stuðningi og virðingu frá samstarfsfólki. Stór hluti starfsmanna óskar eftir enn meiri Waldorf fræðslu.

Starfsmenn töluðu um að þeir finndu ekki fyrir óeðlilegu álagi í vinnu en þó væru álagspunktur t.d. þegar verið væri að klæða í útiveru og þegar aðrir starfsmenn væru mikið frá eða mættu seint til vinnu. Einnig komu fram gagnlegir punktar sem við munum vinna eftir.

- Hafa sýnilegt dagsplan uppi á vegg á öllum deildum.
- Auka en frekar upplýsingafræði.
- Starfsmenn geri meira saman fyrir utan vinnu.

Fræðsla:

Starfsmönnum þyrstir í enn meiri Waldorf fræðslu og leitum við stöðugt leiða til að verða við því. Á starfsmannafundum sem haldnir eru á þriggja vikna fresti er alltaf stutt Waldorf fræðsla og eða Waldorfvinna.



Fræðsla á síðasta skólaári:

- Skyndihjálparnámskeið.
- Tengsl og fyrirmæli Lilja Ýr hegðunarráðgjafi á Þjónustumiðstöð.
- Story teller Down Mc Farlane Waldorf kennari, fyrirlestur í gegnum fjarfundabúnað.
- Innri vinna Waldorfkennarans, Shabana Zama Waldorf kennari
- Waldorf fræðsla málun, Kerstin María og Tinna Ýrr Waldorf kennarar.
- Litir og teikningar í Waldorf leikskóla, Marteinn Teitur Waldorf kennari.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leik- og grunnskóli Sólstafa eru á sama svæði og þekktu börnin okkar því skólalóðina mjög vel. Gott samstarf er á milli skólastiga Sólstafa. Frá áramótum fara elstu nemendur leikskólans einu sinni í mánuði í heimsókn í grunnskólann. Í þeim kynast þeir staðháttum í skólanum, sitja í kennslustund og vinna verkefni með 1. bekk.

Leik- og grunnskólakennari vinna náið saman við að skipuleggja vel tilfærslu nemenda á milli skólastiga.

Auk þess hittast nemendur grunn- og leikskólans nokkrum sinnum yfir skólaárið. Má þar nefna Mikjálsmessu/dreka hátíðina sem fram fer í Öskjuhlíð að hausti þar sem nemendur vinna saman ýmis skemmtileg verkefni. Við undirbúning jólabasarsins, sveitaferð að vori og sumarhátíð Sólstafa.

Á næsta skólaári fara fjórtán börn af leikskólanum yfir í grunnskólann. Stefna okkar er að sem flest leikskólabörn hjá okkur fari yfir í grunnskólann. Okkar sýn er að þeir foreldrar sem velja Waldorfleikskólann geri það vegna stefnunnar og velji síðan að láta börn sín halda áfram og fara í Waldorf grunnskóla Sólstafa.

Við höfum ekki átt í samstarfi við frístundamiðstöðvar fyrir utan skólann hjá okkur en þar er rekin lengri viðvera eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk. Leikskólabörnin kynast starfsmönnum lengdar viðveru í skólaheimsóknunum.

Tækifæri til umbóta.

Við munum halda áfram að vinna að þeim umbótum sem við settum okkur á síðasta skólaári. Eitthvað hefur áunnist en við eigum enn eftir nokkur starf.



- Stórauka kynningu á grunnskólastarfinu til foreldra leikskólabarna.
- Finna góða leið til að nálgast foreldra.
- Gera skólann sýnilegri t.d. á samfélagsmiðlum.

Ábyrgð: stjórnendur leik- og grunnskólans, deildarstjóri elstu deildar og umsjónarkennari 1. bekkjar.

Tími: Allt skólaárið

Metið: Á sameiginlegum starfsdegi leik- og grunnskólans.

8 Foreldrasamvinna

Í leikskólanum er gott samfélag þar sem mikil áhersla er lögð á samvinnu á milli foreldra og leikskólans. Foreldrar taka virkan þátt í vinnudögum og hafa unnið ómetanlegt starf. Þeir hafa m.a. smíðað girðingar, hjólaskýli, útileikföng, búið til rennibraut fegrað og gróðursett í garðinum, gefið tré og margt fleira. Eins og áður er komið fram var verkefnið vinnudagar Sólstafa tilnefnt til foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Á sumarhátíð skólans var haldin vegleg afmælishátíð, en skólinn okkar varð 30 ára þann 6. Júní. Foreldrar lögðu sitt af mörkum og voru m.a. með leiki sem þeir sáu um.

Það er orðin hefð fyrir blómamarkaðinum á sumarhátíðinni, foreldrar og velunnarar skólans gáfu blóm á markaðinn. Innkoma hans færði okkur nær gróðurhúsinu sem við erum að safna fyrir.

Jólabasarinn er á hverju ári og leggja foreldrar sitt af mörkum við undirbúning hans. Allir foreldrar ásamt börnum sínum standa eina vakt saman á basarnum

Allar deildir halda úti öflugum facebook eða instagram síðum þar sem foreldrar geta fylgst með starfinu og hvað er á döfinni. Deildarstjórar senda út fréttabréf í hverjum mánuði.

Starfið er m.a. byggt upp í kringum árstíðabundnar hátíðir, vinnudaga og undirbúning jólabasars. Við þessi tækifæri hittast foreldrar, börn og starfsmenn og kynnast vel, sem skilar sér á jákvæðan hátt inn í skólastarfið.

Þátttaka foreldra í öllum þessum uppákomum er mjög mikilvægur þáttur í starfi leikskólans.



Tvisvar á ári eru haldnir sameiginlegir foreldrafundir, að hausti og eftir áramót. Á haustfundinum er kosið í foreldrafélag og foreldraráð. Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu. Í foreldraráðinu sitja einn til tveir foreldrar.

Á fundunum er stutt Waldorf-fræðsla, farið yfir hvað er á döfinni og almennt spjall.

Foreldraviðtöl voru á öllum deildum í mars.

Foreldrar hafa ávallt greiðan aðgang að stjórnendum og kennurum skólans. Hvort sem er í spjall um hvernig dagurinn hefur gengið eða formleg viðtöl.

Í júní er nýjum foreldrum boðið á sameiginlegan kynningarfund. Á honum er m.a. farið yfir stefnuna og starfið, deildarstjórar kynntir. Auk þess skrifa foreldrar undir pappíra og velja vistunartíma.

Ábyrgð: Allir deildarstjórar og stjórn leikskólans.

Tími: Allt árið.

Metið: Í foreldraviðtölum, á deildastjórafundum og í gegnum foreldrakannanir.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal (Sent með í viðhengi)

Fylgiskjal 1

Dagskrá Sólstafa 2024 - 2025

Ágúst :

- **Priðjudagur 6.- Starfsdagur.**
 - Leikskólinn opnar: Miðvikudagur 7.
- **Föstudagur, Berjadagur: 23.**

September:

- **Fimmtudagurinn 5. Foreldrafundur**
- **Laugardaginn, 21. september – vinnudagur** - Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- **Miðvikudagur 25.** – Elstu börnin fara í heimsókn í drekaleikinn
- **Fimmtudagur, 26. Mikjálsmessa** - uppskeruhátíð á leikskólanum.
Við bókum drekabrauð og eldum drekasúpu. Kartöfluupptaka, Mikjálssögustund og hauststemning.

Nóvember

- **Laugardagurinn 9. Jólabasar**
- **Mánudagurinn 11. Martinsmessa /Luktarganga**
- **Föstudagurinn 29. Aðventuhátíð**

Desember

- **Föstudagurinn 20. Jólaball –**
 - Börnin skreyta jólatré, syngja svo og dansa í kringum það.



Jólafrí er frá 23. desember.

Starfsdagar 27. – 30. desember og 2. Janúar 2025. Leikskólinn er lokaður.

Leikskólinn opnar aftur föstudaginn 3. Janúar 2025.

Vor dagskrá Sólstafa 2025

Febrúar

- **foreldraviðtöl**
- **Fimmtudaginn 6.** – foreldrafundur.
- **Föstudaginn 7.** - starfsdagur.
 - leikskólinn er lokaður.
- **Föstudaginn 14.** Þorrahátíð á leikskólanum.
 - Á matseðlinum eru heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.
 - Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitonum þennan dag.
- **Opið hús** - Waldorfskólinn Sólstafir, Sóltún 6

Mars

- **foreldraviðtöl**
- **Mánudaginn 3.**- Bolludagur.
- **Þriðjudaginn 4.** - Sprengidagur.
- **Miðvikudaginn 5.**– Öskudagur.
 - Grimuball á leikskólanum

April

- **Miðvikudaginn 16.** Páskakaffi fyrir foreldra og börn.
 - *Ath. Leikskólinn lokar kl. 16 þennan dag*
- **Páskafrí 17. -21.**
 - Leikskólinn opnar aftur þriðjud. 22.04.
- **Fimmtudaginn 24.** - Sumardagurinn fyrsti.



Maí

- **Sveitaferð** í Miðdal í Kjós fyrir elstu börnin
 - Lagt af stað kl. 9.30 og farið með rútu. Farið í fjöru og síðan grillað í Miðdal.
 - Komið heim um kl. 14.30. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.

Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat. (Dagsetning ákveðin síðar)

Laugardaginn 24. Vinnudagur

Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.

- **Miðvikudaginn 28. Sumarhátíð Sólstafa** í Waldorfskólanum, Sóltún 6.
 - Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir ofl.
- **Fimmtudaginn, 29. maí - Uppstigningardagur**, Leikskólinn lokaður

Júni

- **Föstudaginn 5. Hvítasunnuhátíð á leikskólanum**
- **8. - 9. Hvítasunna.**
 - Leikskólinn lokaður 9.
- **Þriðjudaginn, 17. Þjóðhátíðardagur**

Sumarfrí á leikskólanum er frá 3. júlí til 7. ágúst.

Starfsdagur er 6. ágúst- leikskólinn lokaður

Leikskólinn opnar aftur eftir sumarfrí miðvikudaginn . 7. ágúst.



10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

Fylgiskjal 2

Barnaskoðun.

Barnaskoðun fer fram í leikskólanum. Hún er undirbúin á deildarfundi tveimur vikum áður. Þá er ákveðið hvaða barn verður athugað og hver mun halda utan um skoðunina.

Allir starfsmenn fylgjast með barninu þessar tvær vikur og skráir upplýsingar hjá sér.

Sá sem heldur utan um skoðunina hefur samband við foreldra og segir þeim að barnið sé nú í barnarskoðun og útskýrir fyrir þeim hvernig ferlið er og fær einnig upplýsingar um barnið hjá þeim s.s. hæð, þyngd, veikindi og svefnvenjur. Hafa verður í huga að þetta eru oft viðkvæmar persónuupplýsingar og verður að ríkja algjör trúnaður.

Barnaskoðun fer þannig fram að starfsmenn taka fyrir eitt barn og skoða það í heild á óhlutdrægan hátt í tvær vikur. Þeir skoða líkamsbyggingu og lífshlaup barnsins til að fá heilsteypta mynd af því.

ATHUGUN Á BARNI

dagsetning

Nafn:

Fæðingardagur:

LÍKAMSBYGGING - LÍKAMSBIRTING:

Heildarmynd:

Höfuð:

Eyru:



Hár:

Augu:

Augabryr:

Nef:

Munnur:

Tennur- tannþroski:

Haka:

Húð:

Hendur:

Útlimir:

HREYFINGAR

Göngulag: t

Hlaup:

Hopp:

Jafnvægi:

Hreyfiþörf:

Leikni handanna:

TALÞROSKI

Raddhljómur:

Talhraði:

Orðaforði:

Talar barnið skýrt?:

TÓNLIST

Söngur:

Taktur:



SÁLAREIGINLEIKAR - LÍFSTJÁNING

Sálarlegt ástand /staða:

EFTIRHERMIHÆFILEIKI

Frjáls leikur – inni:

Frjáls leikur – úti:

Uppáhaldsleikur:

Leikföng:

Söngvaleikir:

Hrynlist:

Fingraleikir:

FÉLAGSLEG VIRKNI

Barnið sjálf:

Önnur börn:

Fullorðnir:

Teikningar:

Málun:

Viljakraftur:

SKYNFÆRIN

SAGA BARNSINS

Systkini:

Fæðingin:

Skreið barnið áður en það gekk?:

Hvenær lærði barnið að ganga?:

Notaði barnið snuð?:

Gerðist eitthvað sérstakt frá fæðingunni að leikskólagöngunni – þar á meðal sjúkdómar:



Notar barnið bleijur? Hvenær? Bleytir það rúmið eða buxur?

Eitthvað sérstakt varðandi matarvenjur?

Eitthvar sérstakt varðandi svefn? Athafnir? Kvöldbænir? Góða-nótt-saga?

Hvernig vaknar barnið á morgnana?:

Hefur barnið sér herbergi eða sefur það hjá foreldrum?

Klæðnaður – sækist barnið eftir sérstökum litum?

Getur það og vill klæða sig sjálft?

Sérstakur ávani – t.d. að sjúga fingur, naga neglur?

Annað:



F. h. leikskólans

Elín Traustadóttir

1. Júlí 2024

Leikskólastjóri

Dagsetning





Umsögn um starfsáætlun Waldorfleikskólans Sólstafir 2024-2025.

Waldorf leikskólinn vinnur eftir Waldorf stefnu Rudolfs Steiners þar sem starfið einkennist að sterkum árstíðabundnum hrynjanda. Starfsánægjukönnun sem lögð var fyrir starfsfólk kom vel út og ánægjulegt að heyra að starfsfólki líði vel í vinnunni. Barnahópurinn er stór og fjölbreyttur og að mörgu að huga til að allt gangi vel. Kennarar virðast þekkja börnin vel og haga starfinu eftir þörfum þeirra. Farið var í átaksverkefni vegna fjarvista í leikskólanum og tókst að fækka til muna lokunum á deildum.

Mikið umbótastarf stendur til á næsta ári þegar deildum leikskólans verður fækkað úr 5 niður í 4 deildir. Breytingin virðist leggjast vel í starfsfólk. Vonandi verður það til að þetta hópinn enn frekar saman en einnig skapa rými fyrir sérkennslu. Jákvætt að heyra að skólinn ætli að leggja áherslu á sérkennslu og greinilegt að málörvunarstundir síðasta skólaár hafa skilað sér.

Gott samstarf ríkir á milli leikskólans og foreldra og kemur ekki á óvart að Vinnudagarnir hafi verið tilnefndir til foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Vinnudagar og fleiri viðburðir á vegum skólans eru sérlega mikilvægur vettvangur fyrir foreldra til að kynnast og mynda tengsl milli foreldra og skólans.

Sumarhátin í ár var einstaklega glæsileg enda verið að fagna þrítugasta starfsári skólans. Verið er að safna fyrir gróðurhúsi sem mikil tilhlökkun ríkir fyrir.

Frábært að heyra að starfsfólk sæki námskeið og fræðslu til að auðga starfið enn frekar, s.s. fái kennslu um Waldorf stefnuna, skyndihjálpi o.fl.

Við skólann eru nú 5 deildir sem hver hefur sitt sérkenni en allar hafa þær Waldorf stefnuna að leiðarljósi. Rík áhersla er lögð á útiveru og frjálsan leik á öllum deildum. Gaman að heyra frá starfi deildanna - vettvangsferðum, gönguferðum, uppsetningu leikrits, sáningu matjurta, föndri o.fl.

Ýmislegt er á döfinni næsta skólaár og verður gaman að fá að taka þátt í því.

Fyrir hönd Foreldraráðs,

Guðrún Birna Jakobsdóttir
stjórnarmeðlimur Foreldrafélags Waldorfleikskólans Sólstafa
30. júní 2024